

hvernig hann fór halloka fyrir Wellington og Bluecher. Lesi maður svo það sem Benedikt Gröndal segir um sama viðburð í kvæði sínu Napóleon, verður alt annað uppi á teningnum. Maður er snortinn og gengur ósjálfrátt í lið með Napóleon meðan á lestrinum stendur :—

Um tíu ár af tignum ríkisstól
tindraði sprotinn, sterkri valdinn hendi,
sem jörð og himinn þrumublossi brendi
blikaði skær og mögnuð frægðarsól.
Við Eylan og við Austerlitz nam drynja
alvaldar boð og Hildur logum spjó,
unz einnig mesta hetjan varð að hrynja
helkaldri fyrir norn—Ó Waterló!"

Skáldskapar einkennið í frásögninni er, að hugurinn er snortinn af því sem skáldið segir. Hinn voldugasti og frægasti þjóðhöfðingi, sem var uppi í heiminum beið ósigur við Waterló. Til þess að hrífa hugi lesendanna, verður skáldið að láta hetjuna standa þeim eins og lifandi fyrir hugarsjónum mitt í óförum ósigursins. En til þess verður að bera saman hið fyrra veldi og niðurlægingu ósigursins. Frásögnin hrífur, hún hefir kraft, sem ekki er til í frásögn söguritarans—hún er skáldleg.

Það er aðaleinkenni alls góðs skáldskapar, að hann hrífur hugi lesendanna. Að vísu ber meira á þessu í þeim skáldskap, sem birtir hugsanir og tilfinningar skáldsins sjálfs en í frásögnum og lýsingum, en það er í öllum skáldskap. Þegar